Innviðaráðuneytið
Sölvhólsgötu 7
101 Reykjavík

Reykjavík, 20. janúar 2023

Efni: umsögn ÖBÍ um drög að breytingum á reglugerð nr. 944/2020 um skipstjórnar- og vélstjórnarréttindi á fiskiskipum, varðskipum og öðrum skipum.

ÖBÍ – réttindasamtök gera athugasemdir við þau skilyrði sem sett eru fram í reglugerðinni um heilbrigðisskoðanir áhafna og telja að vegið sé með alvarlegum hætti að grundvallar mannréttindum þeirra einstaklinga sem kjósa að starfa á sjó.

ÖBÍ leggur til að skilyrðin um að heimilislæknir framkvæmi heilbrigðisskoðanir og gefi út læknisvottorð verði felld brott úr reglugerðinni.

Í reglugerðinni segir að það falli í hlut heimilislækna að famkvæma heilbrigðisskoðanir sjómanna, annarra en skipstjórnarmanna og vélstjórnarmanna á skipum, og gefi út vottorð um almenna hæfni sjómanna. Þá er það jafnframt hlutverk heimilislæknis að leggja mat á það hvort sjómaður sé haldinn sjúkdómi, t.d. taugasjúkdómi, geðsjúkdómi eða hjartasjúkdómi, sem ógnað geti öryggi skips og áhafnar eða skert verulega hæfni hans í starfi. ÖBÍ bendir á að varasamt er að setja slíkt matskennt skilyrði í reglugerð. Auk þess býður það uppá afar mismunandi túlkun eftir því hvaða læknir á í hlut.

Sjómenn, ólíkt skipstjórnarmönnum og vélstjórnarmönnum, starfa ekki á grundvelli sérstakra starfsréttinda eða menntunar. Það er því ljóst að skilyrðin um heilbrigðisskoðanir sjómanna ganga mun lengra en þörf er á.

Skilyrðin fela í sér verulegar takmarkanir á þeim rétti sem tryggður er í 75. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1994 um að öllum sé frjálst að stunda þá atvinnu sem þeir kjósa.

Jafnframt fela skilyrðin í sér verulegar takmarkanir á þeim rétti sem tryggður er í 27. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. 27. gr. samningsins áskilur að réttur fatlaðs fólks til vinnu, til jafns við aðra, sé viðurkenndur, í því felst réttur til að fá tækifæri til að afla sér lífsviðurværis með vinnu að eigin vali eða samþykki á vinnumarkaði og í vinnuumhverfi sem fötluðu fólki stendur opið, sé án aðgreiningar og er því aðgengilegt.

Ekkert um okkur án okkar!

Virðingafyllst,



Þuríður Harpa Sigurðardóttir formaður ÖBÍ



Bára Brynjólfsdóttir lögfræðingur ÖBÍ